



Style Definition: TOC 1

Ársskýrsla 2021

Velferðarsvið Reykjaneshæjar



Ársskýrsla 2021 Velferðarsvið Reykjaneshæjar

Reykjaneshæ 14.febrúar 2021.



Ávarp sviðsstjóra

Heimfaraldurinn Covid 19 hélt áfram að setja mark sitt á starfsemi velferðarsviðs á árinu 2021. Með síbreytilegum reglum um fjöldatakmörkanir, frá 10-20-50-200-500 til 2000 manna fjöldatakmörkana og aftur stíglækkandi fjöldatakmörkanir í 10 manna samkomur, með tilheyrandi breytingum á reglum um sóttkví og einangrun, reyndi verulega á starfsmannahópin á velferðarsviði, sem sýndi ótrúlega seiglu og úthald við að veita og halda uppi órofa starfsemi á sviðinu, þrátt fyrir ólíkar áskoranir á hverjum tíma. Höfuðáhersla var lögð á að halda uppi órofa starfsemi fyrir viðkvæmstu hópana þ.m.t. börn og fjölskyldur, fatlaða og aldraða. Í þessum efnum hafa starfsmenn lagst á eitt við að halda uppi nauðsynlegri velferðarþjónustu við mjög svo óeðlilegar aðstæður í samfélaginu og eiga sérstakar þakkir skildar fyrir framlag sitt. Aflétting samkomutakmörkana heldur áfram inn á árið 2022, en samhliða er lögð mikil áhersla á að alls staðar séu viðhafðar persónubundnar sóttvarnir og varúðar gætt til að stemma stigum við smitum í baráttunni gegn covid-19. Áhrif faraldursins var bæði félagslega einangrandi og erfið mörgum, auk þess sem faraldurinn setti mark sitt á atvinnu – og efnahagslífið með miklu atvinnuleysi í upphafi árs, um 25%, sem var komið undir 10% í árslok 2021, sem er vel.

Á vormánuðum 2021 var hafist handa við undirbúning skipulagsbreytinga á velferðarsvið með það að markmiði að mæta betur þörfum bæjarbúa og skildum sveitarfélagsins og efla starfsumhverfi starfsmanna, samhliða áhrifum lagabreytinga frá 2018 og væntanlegum skipulagsbreytingum í kjölfar lagabreytinga sem tóku gildi 1.janúar 2022, með lögum um samþætta þjónustu í þágu velferðar barna og skipulagsbreytingum í barnavernd, sem koma að fullu til framkvæmda eftir sveitarstjórnkosningar í maí 2022. Þessar skipulagsbreytingar fela í sér að í stað hefðbundins deildarskipulags, þar sem málaflokkar skiptust á milli barnaverndar, fjölskylduþjónustu, þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd og stuðnings- og öldrunarþjónustu, auk verkefna þvert á svið í málaflokkum lýðheilsu, fjölmenningar og barnvæns sveitarfélags, þá byggir nýtt skipulag sviðsins á grundvelli þverfaglegrar teymisvinnu með þarfir notenda í forgrunni. Innleiðing þessara breytinga hófst á árinu 2021 og var á árinu þjónusta velferðarsviðs skipt upp í barnaverndarþjónustu, þjónustu barna- og fjölskylduteymis, ráðgjafar- og virkniteymis, samþættri og samræmdri móttöku flóttafólks og þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd, stuðnings- og öldrunarþjónustu og stoðþjónustuteymis sem verkefnastjórar í málefnum fatlaðra, fjölmenningu, lýðheilsu og barnvænu sveitarfélagi skipa. Áhersla er lögð á að auk þverfaglegt samstarf og samþættingu þjónustu milli velferðarsviðs og annarra sviða sveitarfélagsins og efla samstarf og samþættingu þjónustu með þeim samstarfsstofnunum sem gegna lykilhlutverki í þjónustu við bæjarbúa s.s. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Vinnuálastofnun á Suðurnesjum. Jafnframt var unnið að því á árinu að byggja upp þverfaglegt samstarf í landshlutateymum á Suðurnesjum m.a. með verkefni Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins um þverfaglegt landshlutateymi í þjónustu í þágu barna með fatlanir

og verkefnunum Sterk framlína í krafti fjölbreytileikans og þverfaglegu landshlutateymi velferðarnets(Velferðarstofa) sem vikið verður að síðar í skýrslunni. Innleiðing þessara breytinga heldur áfram á árinu 2022 þar sem lögð verður áhersla á að festa þessa skipulagsbreytingu í sessi og ná fram þeim markmiðum sem sett eru með skipulagsbreytingunum.

Heimsfaraldurinn feykta okkur líka fram í ýmsum tæknilausnum tengdri stafrænni þróun og innleiðingu nýs verklags því tengdu, sem mun halda áfram að hafa mikið vægi og vera sýnilegt í starfsemi velferðarsviðsins, m.a. í auknum rafrænum samskiptum milli notenda, starfsmanna og annarra samstarfsaðila.

Í köflunum hér á eftir er að finna upplýsingar um helstu verkefni sem unnin voru á velferðarsviði Reykjanesbæjar á árinu 2021 og hjálagað með ársskýrslu sviðsins, verða lagðar fram sem ítarefni, ársskýrslur hvorrar starfseiningar á velferðarsviði sem gerir betur grein fyrir þeirri vinnu sem fram fer innan hvorrar einingar. Er það von okkar sem störfum á sviðinu að samantekt sem þessi efli þekkingu á þeirri velferðarþjónustu sem sveitarfélagið veitir íbúum sveitarfélagsins á hverjum tíma.

Virðingarfyllt

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs

Efnisyfirlit

Ávarp sviðsstjóra	3
1. Mannauður	7
2. Barnvænt sveitarfélag	9
3. Barnavernd	10
4. Barna- og fjölskylduteymi.....	14
5. Ráðgjafar- og virkнитеymi	16
6. Málefni fatlaðra	19
7. Teymi samræmdrar móttöku og umsækjenda um alþjóðlega vernd	20
8. Stuðnings- og öldrunarþjónusta	21
9. Fjölmennning	20
10. Lýðheilsa	22
11. Árangur	23
12. Sundurliðun útgjalda	24
Lokaorð	26

1. Mannauður

Á velferðarsviði starfa hátt í 370 manns í fjölbreyttum störfum, bæði í tímavinnu og föstum stöðugildum, um helmingur í þjónustu við íbúa með langvarandi stuðningsþarfir.

Í samræmi við ákvæði kjarasamninga var betri vinnutími/stytting vinnuvikunnar innleidd á öllum starfstöðvum Reykjanesbæjar frá 1. maí 2021. Á þeim starfstöðvum sem opin er á dagvinnutíma felur stytting vinnuvikunnar í sér endurskipulagningu á vinnufyrirkomulagi, verklagi og tímastjórnun með það að markmiði að samhliða styttingu vinnuvikunnar geti starfsmenn sinnt öllum sínum starfsskyldum eins og áður. Á vaktavinnustöðum var hins vegar fyrirfram ljóst að stytting vinnuvikunnar næðist ekki fram án viðbótarstöðugilda. Í búsetuúrræðum í málefnum fatlaðra var þörf á að bæta við 8,7 til að geta að fullu mannað allar vaktir eftir breytinguna.

En fleiri breytingar kölluðu á fjölgun stöðugilda á sviðinu. Til að geta betur mætt þörfum barna- og fjölskyldna fyrir þjónustu með snemmtækri nálgun og áherslu á innleiðingu þess verklags sem fylgir nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna var samþykkt að bæta við stöðugildum í nýju skipulagi sviðsins, 3 í barna – og fjölskylduteymi og 2 stöðugildum tímabundið í barnavernd. Auglýst var í þessi störf á haustmánuðum og koma þau að fullu til framkvæmda á árinu 2022.

Nefndir og ráð

Barnaverndarnefnd

Halldór Rósmundur Guðjónsson
formaður(Y)
Davíð Brár Unnarsson(M)
Díana Hilmarsdóttir(B)
Sigurrós Antonsdóttir(S)
Puríður Berglind Ægisdóttir
Barnaverndarnefnd fundaði 12 sinnum á árinu

Velferðarráð

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður(B)
Guðný Birna Guðmundsdóttir(S)
Hrafn Ásgeirsson(Y)
Jasmina Vajzovic Crnac(Á)
Jónína Sigríður Birgisdóttir(D)
Velferðarráð fundaði 12 sinnum á árinu

Áfrýjunarnefnd velferðarráðs

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir(B)
Jasmina Crnac(Á)
Áfrýjunarnefnd velferðarráðs fundaði 22 sinnum á árinu

Lýðheilsuráð

Jóhann Friðrik Friðriksson formaður(B)
Anna Sigríður Jóhannesdóttir(D)
Guðrún Pálsdóttir(Á)
Guðrún Ösp Theodórsdóttir (S)
Kristín Gyða Njálisdóttir(Y)
Lýðheilsuráð fundaði 10 sinnum á árinu

Öldungaráð

Þórdís Elín Kristinsdóttir formaður (S)
Díana Hilmarsdóttir (B)
Rúnar V. Arnarson (D)
Eyjólfur Eysteinnsson (félag eldri borgara)
Hrafnhildur Gunnarsdóttir (félag eldri borgara)
Loftur H. Jónsson (félag eldri borgara)
Margrét Blöndal(HSS)

Varamenn

Anna Steinunn Jónasdóttir(D)
Valur Ármann Gunnarsson(S)
Margrét Þórarinsdóttir(M)
Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir(B)
Kolbrún Jóna Pétursdóttir(Y)

Varamenn

Andrea Ásgrímsdóttir(B)
Anna Steinunn Jónasdóttir(D)
Elfa Hrund Guttormsdóttir(S)
Lovísa N. Hafsteinsdóttir(Y)
Rósa Björk Ágústsdóttir(Á)

Varamenn

Þráinn Guðbjörnsson(B)
Guðný Birna Guðmundsdóttir(S)
Hrafn Ásgeirsson(Y)
Baldur Rafn Sigurðsson(Á)
Birgitta Rún Birgisdóttir(D)

Varamenn

Guðrún Ösp Theodórsdóttir(S)
Jasmina Vajzovic Crnac(Á)
Tinna Kristjánsdóttir (B)
Vigdís Elísdóttir (HSS)

Öldungaráð fundaði 3 sinnum á

2. Barnvænt sveitarfélag



Verkefnastjóri: Hjörtur Magni Sigurðsson

Stýrihópur:

Porgeir Sæmundsson
Einar Trausti Einarsson
Thelma Rún Birgisdóttir
Guðlaug María Lewis
Guðbrandur Einarsson
Margrét Þórarinsdóttir

Gunnar Kristinn Ottósson
Aðalheiður Júlírós Óskarsdóttir
Hafþór. B. Birgisson
Betsý Ásta Stefánsdóttir
Hermann Borgar Jakobsson

Á árinu 2021 urðu mannabreytingar í stýrihópnum þar sem tveir fulltrúar létu af störfum hjá Reykjanesbæ. Helga María Finnbjörnsdóttir og Ingunn Björg Halldórsdóttir létu af störfum og í þeirra stað tóku Aðalheiður Júlírós Óskarsdóttir og Thelma Rún Birgisdóttir sæti í stýrihópnum.

Þann 25.júní 2020 var undirritaður samstarfssamningur um verkefnið Barnvæn sveitarfélög. Með undirskriftinni skuldbatt Reykjanesbær sig til að hefja vinnu við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í stjórnsýslu sína með stuðningi félagsmálaráðuneytisins og UNICEF á Íslandi. Áætlað er að innleiðingarferlið taki að lágmarki tvö ár og skiptist í 8 skref sem Reykjanesbær mun stíga með það að markmiði að virða og uppfylla réttindi barna. Covid hefur þegar haft áhrif á innleiðingarferlið vegna samkomutakmarkana sem hafa seinkað verkþáttum, en á árinu 2021 var engu að síður unnið áfram með stöðumat verkefnisins. Stöðumatið er umfangsmesta skref innleiðingar Barnasáttmálans en það felur í sér umtalsverða gagnasöfnun um líðan, lífsskilyrði og réttindi barna svo hægt sé að búa til mælikvarða á velferð og réttindi barna í sveitarfélaginu. Sá mælikvarði er í kjölfarið nýttur sem grunnur fyrir aðgerðaráætlun verkefnisins og viðmið fyrir frekari stefnumótun.

Þann 7. október 2021 var ungmennahópi haldið í fyrsta sinn í Reykjanesbæ eftir að því var frestað í tvígang vorið 2021 vegna covid. Hér er um að ræða eitt mikilvægasta skref stöðumatsins. Nemendur í 8. til 10. bekk úr öllum grunnskólum Reykjanesbæjar sóttu þingið og sköpuðust líflegar umræður um málefni sem á þeim brenna og þegar slíkt þing er haldið er það gert til að heyra skoðanir ungmenna í sveitarfélaginu um sveitarfélagið. Dregin var upp mynd af því sem betur mætti fara og einnig því sem er vel gert. Niðurstöður þingsins gefa góða vísbendingu um aðgerðir sem líklegt er að börn styðji og taki eftir. Búið er að vinna úr niðurstöðum þingsins og verða þær rýndar enn frekar af stýrihópi barnvæns sveitarfélags og fulltrúum ungmennaráðs við gerð aðgerðaáætlunar.

Til að fá fram raddir fleiri barna var brugðið á það ráð að gefa þeim börnum og ungmennum sem ekki voru þátttakendur á þinginu kost á að koma sínum ábendingum og hugmyndum á framfæri með rafrænum hætti. Hugmyndir og ábendingar bárust frá um 100 börnum á aldrinum 11 til 18 ára í gegnum forritið SurveyMonkey. Hugmyndirnar og ábendingarnar lutu m.a. að umhverfis-, samgöngu-, íþrótt-, forvarnar-, heilbrigðis- og skólamálum. Samtal við sérfræðihópa barna er síðasta og jafnframt eitt af mikilvægustu skrefum stöðumatsins. Ekki tókst að ljúka þessu skrefi eins og gert var ráð fyrir í starfsáætlun ársins en undirbúningur þess gekk vel. Áætlað er að rýnihóparnir verði sex talsins, fimm rýnihópar barna af erlendum uppruna og einn rýnihópur barna með fatlanir og stuðningsþarfir. Til að sáttmálinn öðlist merkingu og nýtist sem hagnýtt verkfæri innan sveitarfélagsins þarf starfsfólk að fá fræðslu um Barnasáttmálann þannig að það geti sett hann í samhengi við verkefni sveitarfélagsins og daglegt líf þeirra barna sem þar búa. Einnig þarf að tryggja að starfsfólk sveitarfélagsins fái góða kynningu á verkefninu Barnvæn sveitarfélög þannig að það geri sér grein fyrir hlutverki sínu og skilji tilgang þess og markmið. Árið 2021 fékk hluti starfsfólks Reykjanesbæjar kynningu á verkefninu og fræðslu um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Greinargerð um niðurstöður stöðumatsins er á lokastigi og verður send fulltrúum UNICEF til rýni og endurgjafar. Að því loknu hefst svo vinna stýrihópsins við að gera aðgerðaáætlun. Aðgerðaáætlun mun sýna hvaða breytingar verður ráðist í innan sveitarfélagsins til þess að framfylgja réttindum barna og með hvaða hætti Reykjanesbær hyggst innleiða Barnasáttmálann.

3. Barnavernd




Teymisstjóri: Pórdís Elín Kristinsdóttir

María Gunnarsdóttir forstöðumaður barnaverndar lét af störfum á árinu eftir rúmlega 20 ára starf hjá sveitarfélaginu og við stjórnendastöðu skv. nýju skipulagi tók Pórdís Elín Kristinsdóttir sem teymisstjóri barnaverndar.

Starfsmenn barnaverndar í árslok 2021 eru Sandra Jónsdóttir, Henný Úlfarsdóttir, Þórður Óldal Sigurjónsson, Linda Sif Leifsdóttir, Freyja Hrund Ingveldardóttir, Elín Ingibjörg Kristófersdóttir, Anna Jóna Guðmundsdóttir og Lovísa Guðjónsdóttir.

3.1 Barnaverndartilkynningar

Árið 2021 bárust 817 tilkynningar vegna 689 barna. Tilkynningum hefur fjölgað um ríflega 100 á milli ára. Af 817 tilkynningum var hafin könnun máls í 590 tilfellum. 38 fjölskyldum var boðið forvarnarviðtalið „Ábyrg saman“, þar sem tilkynnt var um áhættuhegðun en ekki var talin ástæða til að hefja könnun máls.




Mynd 1. Barnaverndartilkynningar

Fjöldi tilkynninga frá skóla, leikskóla, félagsþjónustu og heilsugæslu er svipaður á milli ára en fjöldi tilkynninga frá lögreglu hækkar um tæplega 100 frá árinu áður. Þá fækkar tilkynningum frá ættingjum og nágroñnum en fjölga verulega í flokknum „aðrir“, en þá er átt við aðra í nærumhverfi barns sem ekki teljast ættingjar eða nágroñnar.

3.2 Helstu ástæður tilkynninga

Helstu ástæður tilkynninga á árinu 2021 eru vanræksla varðandi umsjón og eftirlit og tilfinningaleg vanræksla gagnvart börnum, tilfinningalegt ofbeldi gegn börnum og áhættuhegðun er varðar að börn beiti ofbeldi.




Mynd 2. Ástæður tilkynninga-heildarfjöldi tilkynninga flokkaður

3.3 Barnaverndarmál

Á árinu varð töluverð fjölgun barnaverndarmála, en heildarfjöldi barnaverndarmála var 466 en voru 422 árið 2020. Fjöldi nýrra mála lækkar lítillega á milli ára.

Í lok ársins voru 26 börn í fóstri á vegum barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar, þar af 20 í varanlegu fóstri og sex í tímabundnu fóstri.



Mynd 3. Fjöldi barnaverndarmála

3.4 Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar

Alls voru mál 10 barna lögð fyrir barnaverndarnefnd á árinu 2021. Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar úrskurðaði á árinu í máli sjö barna vegna kröfu um vistunar utan heimilis skv. 27. gr. barnaverndarlaga, í máli sjö barna var krafist framlengingu á vistun utan heimilis fyrir dómi skv. 28. gr. barnaverndarlaga og í máli sex barna var þess krafist fyrir dómi að foreldrar skyldu sviptir forsjá barna sinna skv. 29. gr. barnaverndarlaga. Í máli fimm barna sem vistuð voru utan heimilis var úrskurðað um umgengni við foreldra þar sem ekki náðist samkomulag. Starfsmenn nefndarinnar fóru með málefni sjö barna fyrir nefndina þar sem leitast var við að ná samkomulagi við barn og foreldra.


Umsagnarbeiðnir berast frá sýslumönnum og Barna- og fjölskyldustofu og eru lagðar fyrir barnaverndarnefnd þegar starfsmenn barnaverndar hafa metið hæfni umsækjenda. Þrjár umsóknir bárust á árinu 2021 frá Barna- og fjölskyldustofu vegna einstaklinga sem óskuðu eftir að fá leyfi til að gerast fósturforeldrar. Barnaverndarnefnd mat umsækjendur hæfa til að gerast fósturforeldrar í öllum tilfellum. Barnaverndarnefnd veitti fimm fjölskyldum stuðningsfjölskylduleyfi.

3.5 Stuðningsúrræði barnaverndar

Barnavernd veitir stuðning samkvæmt barnaverndarlögum ásamt því að reyna eftir fremsta megni að aðlaga stuðningsúrræði að þörfum barna og foreldra hverju sinni. Starfsmenn barnaverndar hafa í auknum mæli unnið í teymisvinnu og í þverfaglegu samstarfi til þess að börn og fjölskyldur nái markmiðum sínum. Helstu stuðningsúrræði sem veitt voru til handa börnum og fjölskyldum á árinu voru; Birtan – foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, PMTO einstaklingsmeðferð, sálfræðiviðtöl fyrir börn og foreldra, stuðningsfjölskylda, persónulegur ráðgjafi, stuðningsviðtöl hjá ráðgjöfum, fjölskyldumeðferð og forvarnarviðtöl „Ábyrg saman“. Þar að auki fengu börn og fjölskyldur stuðning í formi úrræða á vegum Barna- og fjölskyldustofu, t.a.m. MST og viðtalsmeðferð í Barnahúsi.

3.6 Álagsmæling starfsmanna barnaverndar


Á árinu 2021 voru framkvæmdar tvær álagsmælingar, í mars og í nóvember. Álagsmæling gefur góða mynd af vinnuálagi starfsmanna og er markmiðið einnig að mælingin veiti starfsmönnum yfirsýn yfir verkefni hverju sinni. Álagsmælingin er gefin út af Barna- og fjölskyldustofu og taka viðmiðunarstig mið af starfsreynslu viðkomandi starfsmanns. Starfsmenn mældust töluvert yfir æskilegum stigafjölda í báðum mælingum ársins




Mynd 4. Álagsmæling starfsmanna barnaverndar 2021

3.7 Bakvaktir

Starfsmenn eru á bakvakt eina viku í senn á níu vikna fresti og sinna brýnum erindum í málefnum barna og fjölskyldna. Helst eru það tilkynningar er varða aðbúnað barna, áhættuhegðun barna, heimilisofbeldi og málefni umsækjenda um alþjóðlega vernd. Á árinu fækkaði bæði símtölum og útköllum frá árinu 2020.



Mynd 5. Símtöl á bakvakt



Mynd 6. Útköll á bakvakt

4. Barna- og fjölskylduteymi



Teymisstjóri: Vilborg Pétursdóttir

Vilborg Pétursdóttir var ráðin teymisstjóri í barna- og fjölskylduteymi í nýju skipulagi á velferðarsviði haustið 2021. Barna- og fjölskylduteymið var áður hluti af fjölskylduþjónustu velferðarsviðs undir stjórn Sigríðar I. Danielsdóttur sem lét af störfum af árinu.

Starfsmenn barna- og fjölskylduteymis í árslok 2021 eru Laufey Bjarnadóttir, Linda Pálmadóttir, Kolbrún N. Þorgilsdóttir, Snædís Góa Guðmundsdóttir, Ragnhildur Birna Hauksdóttir, Thelma Rún Birgisdóttir og Karen Sif Sverrisdóttir.

Hlutverk barna- og fjölskylduteymis er að veita ráðgjöf, stuðning og fræðslu til foreldra, ásamt snemmtækum stuðningi í þjónustu við börn. Þjónusta er veitt á grundvelli þjónustumats með áherslu á að mæta notenda með snemmtækri þjónustu í samræmi við þjónustumat. Teymið vinnur í nánu samstarfi við notendur og viðeigandi mennta- og þjónustustofnanir í nærumhverfi barns með það að markmiði að veitt sé samræmda og samþætt þjónusta í þágu barns. Teymið leiðir þróun aðferða og úrræða í snemmtækri þjónustu við börn í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem tóku gildi 1. janúar 2022.

4.1. Stuðningsúrræði barna- og fjölskylduteymis

4.1.1 Birtan – Foreldrafraeðsla og uppeldisráðgjöf

Í Birtunni er boðið upp á einstaklingsmiðaða ráðgjöf þar sem þjónustan er aðlöguð að hverri fjölskyldu fyrir sig. Notast er við gagnreyndar uppeldisaðferðir eins og PMTO (Parent Management Training-Oregon og Skref fyrir skref. PMTO) er ætlað foreldrum barna á leik- og grunnskóla aldri með aðlögunar- og/eða hegðunarvanda. Skref fyrir skref foreldrafærni, er sérstakt úrræði til að vinna með seinfærum foreldrum barna á aldrinum 0-3 ára.

Á árinu 2021 var unnið með 22 fjölskyldur í ráðgjöf og af þeim voru 12 ný mál. 15 fjölskyldur fengu uppeldislega ráðgjöf, 7 fjölskyldur fóru í PMTO, ein fjölskylda í Skref fyrri skref.

Í lok árs voru 15 mál á bið.

4.1.2 Félagsleg liðveisla

Félagsleg liðveisla var veitt fólk á aldrinum 6 til 66 ára, sem glímur við fötlun eða aðrar raskanir með það að markmiði að veita persónulegan stuðning og aðstoð, ásamt því að stuðla að aukinni félagsfærni og rjúfa félagslega einangrun. Samkvæmt núgildandi reglum getur einstaklingur fengið 8 klst. á mánuði í liðveislu. Á árinu 2021 fengu 129 einstaklingar þjónustu 7133 klst. Þegar notandi er með stuðnings- eða stoðþjónustu er þessi aðstoð samþætt þeirri þjónustu sem þar er veitt. Í árslok 2021 eru 67 umsóknir á bið.

4.1.3 Stuðningsfjölskyldur

Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að taka fatlað barn í umsjá sína í skamman tíma. Tilgangurinn er að létta álagi af fjölskyldu barnsins og veita barni tilbreytingu. Árið 2021 voru í gildi 40 stuðningsfjölskyldusamningar og nýttir sólarhringar voru 952. Í árslok 2021 eru 28 umsóknir á bið.

4.1.4 Skammtíamavistun

Fötluð börn og ungmenni eiga kost á skammtíamadvöl utan heimilis með það að markmiði að létta álagi af fjölskyldum og veita þeim sjálfum tilbreytingu. Dvalartími er breytilegur eftir fötlun og aðstæðum hverju sinni. Skammtíamavistun fyrir Suðurnesin er staðsett í Garði og undir stjórn félagsþjónustu Suðurnesjabæjar og Voga. Á árinu 2021 voru 28 einstaklingar í Reykjanesbæ í skammtíamavistun, 5 stúlkur og 23 drengir. Nýttir sólarhringar voru 702.

4.1.5 Skjólíð

Skjólíð er frístundaþjónusta fyrir börn og ungmenni með fjölþættar stuðningsþarfir, sem þurfa á stuðningi að halda að skóladegi loknum. Skjólíð er staðsett í 88 húsinu. Á árinu 2021 nýttu 13 drengir sér þjónustu Skjólísins. Í Skjólínu starfa 4 starfsmenn, tveir starfsmenn í 37,5% starfi, einn í 50% starfi og verkefnastjóri í 100% starfi.

4.1.6 Ævintýrasmiðjan

Ævintýrasmiðjan er sumarúrræði fyrir ungt fólk á grunn- og framhaldsskólaaldri með fjölþættar stuðningsþarfir. Alls voru 37 börn skráð í Ævintýrasmiðjurnar, sem skiptist upp í fjóra hópa á þremur starfsstöðvum í sveitarfélaginu. Tveir hópar voru í Háaleitisskóla, þ.e. aldurshópurinn 17 ára + og svo nemendur úr 6.-7. bekk. Yngri börnin úr 1.-5. bekk var skipt upp í tvo hópa sem voru til húsa í Heiðarskóla og Björkinni (Njarðvíkurskóla). Sumarúrræði Ævintýrasmiðjunnar hefur farið vaxandi síðustu 2 ár og eftirspurn eftir þessari þjónustu vaxið.

4.1.7 Ferðaþjónusta

Ferðaþjónusta er ætluð fötluðu fólki með langvarnandi stuðningsþarfir sem ekki getur nýtt sér almenningsamgöngur sveitarfélagsins. Á árinu 2021 nýttu 60 einstaklingar ferðaþjónustu og var ferðafjöldi alls 11.987. Aldraðir einstaklingar geta einnig sótt um ferðaþjónustu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum en sú þjónusta er ekki lögbundin. Á árinu 2021 nýttu 4 aldraðir einstaklingar ferðaþjónustu, ferðafjöldi var alls 86. Grunnskólabörn með auknar stuðningsþarfir fá í sérstökum tilvikum akstur til og frá skóla. Á árinu 2021 fengu 74 börn slíka þjónustu og fjöldi ferða var alls 11.484.

5. Ráðgjafar- og virkniteymi



Teymistjóri: Bjarney Rós Guðmundsdóttir

Bjarney Rós Guðmundsdóttir verkefnastjóri í fjölskylduþjónustu var ráðin sem teymisstjóri í ráðgjafar- og virkniteymi í nýju skipulagi á velferðarsviði haustið 2021. Ráðgjafar- og virkniteymið var áður hluti af fjölskylduþjónustu velferðarsviðs undir stjórn Sigríðar I. Daníelsdóttur sem lét af störfum af árinu.

Starfsmenn ráðgjafar- og fjölskylduteymis í árslok 2021 eru Arndís Hálfánardóttir, Ásdís Rán Kristjánsdóttir, Inga Dóra Jónsdóttir, Kristín Helga Magnúsdóttir og Sigurjón Árnason.

Teymið veitir heildræna einstaklingsmiðaða þjónustu, aðstoð og ráðgjöf til fullorðinna einstaklinga, m.a. varðandi félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, húsnæðismál, endurhæfingu, stuðning við atvinnuleit og aðra virkni. Þjónustan er veitt á grundvelli notendasamráðs og til þess fallin að styðja við sjálfbærni einstaklingsins og möguleika til að lifa sjálfstæðu og innihaldsríku lífi á eigin forsendum með þeim snemmtækum stuðningi og eftirfylgni.

5.1 Félagleg ráðgjöf

Félagsleg ráðgjöf er mikilvægur þáttur í þjónustu við bæjarbúa en markmið hennar er að veita notendum upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar. Félaglegri ráðgjöf er beitt í eðlilegu samhengi við aðra þjónustu og í tengslum við þær þarfir sem notendur hafa hverju sinni og eru til þess fallnar að hjálpa fólki til sjálfshjálpar.

5.2. Fjárhagsaðstoð

Fjárhagsaðstoð er veitt skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum um fjárhagsaðstoð sem bæjarstjórn Reykjanesbæjar setur. Samkvæmt gildandi reglum eiga þeir einir rétt á fjárhagsaðstoð sem eru með lögheimili í Reykjanesbæ og hafa tekjur undir viðmiðunarmörkum. Fjárhagsaðstoð á árinu 2021 gat numið allt að kr. 174.297 á mánuði til einstaklinga og einstæðra foreldra og kr. 278.875 til hjóna eða sambúðarfólks.

Á árinu 2021 voru 308 einstaklingar/fjölskyldur sem fengu fjárhagsaðstoð í formi framfærslustyrks. Einstaklingum og fjölskyldum fjölgaði milli ára, en sem hlutfall af heildaríbúafjölda er það óbreytt.

Ár	Fjöldi íbúa 18 ára+ (1.jan)	Heildarfjöldi einstaklinga pr. ár	Hlutfall á fjárhagsaðstoð %
2014	10673	450	4,22
2015	10991	330	3

2016	11340	250	2,2
2017	12311	201	1,63
2018	13584	200	1,47
2019	14606	227	1,54
2020	15053	298	1,98
2021	15752	308	1,96

Tafla 1. Þróun fjárhagsaðstoðar 2014-2021

Á töflu 1 má sjá þróun á fjölda íbúa 18 ára og eldri í Reykjanesbæ, fjölda einstaklinga/fjölskyldna sem fengu greiddan framfærslustyrk hjá Reykjanesbæ og samanburð á hlutfalli íbúa, 18 ára á eldri, sem fengu framfærslustyrk síðastliðin ár.

Milli áráanna 2019 og 2020 fjölgaði um rúmlega 32% á fjárhagsaðstoð sem samsvarar því að 0,44% fleiri íbúar 18 ára og eldri þurftu á fjárhagsaðstoð að halda og verður sú aukning helst rakin til þeirra áhrifa sem Covid-19 hafði á atvinnumarkaðinn á Suðurnesjum en atvinnuleysi fór hratt vaxandi í kjölfar covid og náði hámarki í janúar 2021 þegar það var 24,9% en fór hægt og sígandi lækkandi yfir árið og var komið í tæp 10% í árslok 2021.

5.3 Atvinnuátaksverkefnið „Hefjum störf“


„Hefjum störf“ átakið hafði það markmið að skapa tímabundin störf, í samvinnu við atvinnulífið, opinberar stofnanir, sveitarfélög og félagasamtök, til að mæta þeim sem höfðu verið utan vinnumarkaðar til lengri tíma, voru á atvinnuleysisbótum eða höfðu fullnýtt bótarétt sinn 1. október 2020 eða síðar. Í júní 2021 var ráðinn atvinnumiðlari á vegum Súlunnar hjá Reykjanesbæ í gegnum atvinnuátak Vinnumálastofnunar með það að markmiði að grípa einstaklinga sem féllu undir „hefjum störf“ átakið. Átakið gekk vonum framár en starfsmaður þess útvegaði 104 einstaklingur starf. Bæði einstaklingum sem voru að missa bótarétt og einstaklingum sem voru komnir á fjárhagsaðstoð. Það að hlutfall íbúa 18 ára og eldri af heildaríbúafjöld helst óbreytt á milli ára má m.a. rekja til þess góða árangurs.

5.4 Kjarnahópur til vellíðunar og virkni

Á árinu var unnið í verkefninu Kjarnahópur til vellíðunar og virkni sem hafði það að markmiði að styðja við íbúa af erlendum uppruna, sem höfðu verið lengi utan vinnumarkaðar og aðstoða þátttakendur við að tengjast samfélaginu, rjúfa félagslega einangrun, læra íslensku og taka fyrstu skrefin út á vinnumarkaðinn. Verkefnið var styrkt af félagsmálaráðuneytinu og fór af stað 8. mars 2021 og var verkefnastjóri þess Inga Dóra Jónsdóttir félagsráðgjafi. Haldin voru þrjú námskeið og voru þátttakendur alls rúmlega 40. Kjarnahópur til vellíðunar og virkni var samstarfsverkefni velferðarsviðs Reykjanesbæjar, Vinnumálastofnunar á Suðurnesjum, Miðstöðvar símenntunar og Hjálpræðishersins í Reykjanesbæ og var haldið í húsnæði Hjálpræðishersins á Ásbrú. Verkefninu lauk 7. desember 2021.

5.5 Félagslegt húsnæði

Í lok árs 2021 voru félagslegar leiguíbúðir og félagslegar leiguíbúðir til eldri borgara, alls 237, þar af 65 ætlaðar eldri borgurum. Á árinu 2021 komu 19 félagslegar leiguíbúðir til úthlutunar og þar af voru 6 leiguíbúðir fyrir aldraða. Úthlutunarhópur velferðarsviðs metur umsóknir um félagslegar leiguíbúðir á afgreiðslufundi og tekur ákvörðun um úthlutun í umboði velferðarráðs.




Tafla 2. Fjöldi umsókna og úthlutanir félagslegra íbúða 2014-2021

Í lok árs 2021 voru 156 umsækjendur á biðlista eftir almennri félagslegri íbúð og 60 á biðlista eftir félagslegri leiguíbúð aldraðra. Alls bárust 130 umsóknir um félagslegar leiguíbúðir árið 2021 og með þessum umsækjendum eru 83 börn.

5.6 Sérstakur húsnæðisstuðningur

Sértökum húsnæðisstuðningi er ætlað að lækka greiðslubyrði einstaklinga og fjölskylda vegna íþyngjandi húsnæðiskostnaðar sem orsakast vegna félagslegra aðstæðna, lágra tekna og/eða þungrar framfærslubyrðar. Umsækjandi þarf að uppfylla öll skilyrði vegna almennra húsnæðisbóta til að eiga rétt á sértökum húsnæðisstuðningi sveitarfélagsins. Í desember 2021 fengu 299 greiddan sérstakan húsnæðisstuðning hjá sveitarfélaginu og hefur þeim sem eiga rétt til þessa stuðnings fjölgað jafnt og þétt frá upphafi árs.



Tafla 3. Fjöldi samþykkrar umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning 2020-2021

6. Málefni fatlaðra



Teymisstjóri/verkefnastjóri: Ólafur Garðar Rósinkarsson

Ólafur Garðar Rósinkarsson var ráðinn teymisstjóri í málefnum fatlaðra í nýju skipulagi á velferðarsviði haustið 2021, en umsýsla málaflokksins var áður í höndum Sigríðar I. Daniélsdóttur forstöðumanns fjölskylduþjónustu sem lét af störfum af árinu.

Í árslok 2021 voru eftirfarandi forstöðumenn starfandi í málaflokknum, Díana Hilmarsdóttir forstöðumaður Bjargarinnar, Jón Kristinn Pétursson forstöðumaður Hæfingarstöðinni, Júlía Guðrún Björnsdóttir, Kristín Ósk Bergsdóttir, Lise Olivia Lia og Þorkatla Sigurðardóttir forstöðumenn í búsetukjörnum.

Hlutverk teymisstjóra er að fylgja eftir áætlunum í málaflokknum og gæta þess að þjónusta, framkvæmda og eftirfylgni verkefna í málaflokknum sé í samræmi við fjárhagsáætlun, lögbundnar skyldur sveitarfélagsins og þarfir íbúa. Teymisstjóri fer fyrir sértækri búsetuþjónustu fatlaðra, NPA samningum og sértækum úrræði í stoðþjónustu auk þess að veita forstöðumönnum í búsetu- og dagþjónustu stuðning og ráðgjöf í starfi, sérstaklega hvað varðar mannauðsmál og rekstur. Jafnframt sinnir teymisstjóri gerð þjónustumats vegna umsókna um stoðþjónustu, beingreiðslusamninga- og NPA samninga, heldur utan um afgangi þeirra og úrvinnslu og sinnir umsýslu og faglegri ráðgjöf eftir þörfum.

6.1 Þjónandi leiðsögn

Á árinu 2021 var haldið áfram að innleiða verklag innan búsetukjarnanna og hæfingarstöðvarinnar sem byggist á hugmyndafræði John McGee sem um „þjónandi leiðsögn“ (e.gentle teaching). Heimsfaraldur covid 19 hefur hægt aðeins á innleiðingarferlinu, en innleiðingin mun halda áfram á árinu 2022 og hefur þjónandi leiðsögn fengið meira vægi í þjónustu við fatlað fólk eftir að það var sett inn í framkvæmdaáætlun með stefnu sveitarfélagsins fyrir árið 2022.

6.2 NPA- notendamiðuð persónuleg aðstoð

Á árinu var gerður fyrsti NPA samningur við einstakling í sveitarfélaginu. Að auki eru 3 beingreiðslusamningar í gildi og einn notendasamningur.

6.3 Búsetuþjónusta – einingar

Árið 2021 voru starfsræktar fjórar sértækar búsetueiningar með samtals 20 íbúum og starfsmönnum í samtals 51,2 stg. Auk þess er veitt og sólarhringsþjónusta á heimili notenda

sem er ekki með NPA samning og er umsýsla þeirra þjónustu í höndum teymisstjóra í málefnum fatlaðra.

6.4 Dagþjónustuúrræði

Líkt og undanfarin ár rekur Reykjanesbær 2 dagþjónustuúrræði sem falla undir málaflokk fatlaðs fólks og eru bundin líkt og búsetuúrræðin við lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þessi úrræði eru Björgin geðræktarmiðstöð á Suðurnesjum og Hæfingarstöðin. Rúmleg 100 einstaklingar sóttu þjónustu af einhverju tali í Björgina á árinu 2021, auk 33 einstaklinga sem sóttu þangað grunnendurhæfingu á árinu. 36 þjónustunotendur sóttu þjónustu Hæfingarstöðvarinnar í lok árs 2021. Stöðugildi í dagþjónustu eru 13,1

7. Teymi samræmdrar móttöku og umsækjenda um alþjóðlega vernd



Teymistjóri: Ásta Kristín Guðmundsdóttir

Ásta Kristín Guðmundsdóttir var ráðin teymisstjóri í teymi samræmdrar móttöku og umsækjenda um alþjóðlega vernd í nýju skipulagi á velferðarsviði haustið 2021. Starfsmenn teymisins í árslok 2021 eru Ágústa Kristín Guðmundsdóttir, Guðmundur Ingvar Jónsson og Ester Ósk Hafsteinsdóttir.

Velferðasvið Reykjanesbæjar hefur sinnt þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd meðan mál þeirra eru til afgreiðslu hjá íslenskum stjórnvöldum frá árinu 2004. Í ár var gerður samningur við félagsmálaráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks hvort heldur flóttafólk kæmi hér á eigin vegum eða kæmi í gegnum boð ríkisstjórnar sem kvótaflóttafólk. Sams konar samning gerðu 4 önnur sveitarfélög, þ.e. Akureyri, Árborg, Hafnarfjörður og Reykjavík. Fjölmenningarsetur hefur það hlutverk í samræmdu móttökunni að veita flóttafólki upplýsingar um fyrstu skrefin eftir stöðuveitingu og bjóða flóttafólki að taka þátt í samræmdri móttöku og „para“ þá sem vilja taka þátt við móttökusveitarfélag, auk þess að veita móttökusveitarfélögum faglegar leiðbeiningar og ráðgjöf. Vinnumálastofnun gegnir mikilvægu hlutverki í þessari þjónustu og sinnir m.a. samfélagsfræðslu og íslenskukennslu fullorðinna. Við skipulagsbreytingar á sviðinu var ákveðið að í stað þess að hafa starfandi tvö teymi um þjónustu við flóttafólk var þjónusta við þennan hóp samþætt í eitt teymi skv. fyrirmynd frá Hafnarfirði sem gefist hefur vel. Með breyttu fyrirkomulagi er lögð áhersla á að einstaklingar og fjölskyldur í þjónustu hafi sama ráðgjafa sem málstjóra í sínu máli frá upphafi og þar til viðkomandi fer úr þjónustu teymisins. Markmiðið er að tryggja samfellda, örugga og sveigjanlega þjónustu, sem tryggir réttindi barna m.a. til náms og tómsunda og

sem eykur líkur á því að fullorðnir einstaklingar nái að nýta styrkleika sína, efla þekkingu sína og færni og verði sem fyrst virkir þátttakendur í samfélaginu. Í desember 2021 voru 65 umsækjendur um alþjóðlega vernd í þjónustu teymisins og 79 flóttamenn.

8. Stuðnings- og öldrunarþjónusta



Forstöðumaður: Ása Eyjólfsdóttir.

Deildarstjóri stuðningsþjónustu/heimaþjónustu Margrét Arnbjörg Valsdóttir, Eyrún Sif Ingólfssdóttir deildarstjóri dagdvala og Guðbjörg Marteinsdóttir deildarstjóri félagsstarfs. Starfsmenn málaflokksins voru um 45 í lok árs.

Meginverkefni málaflokksins er annars vegar að veita stuðningsþjónustu/heimaþjónustu til þeirra aðila sem hafa skv. mati þörf fyrir slíka þjónustu og hins vegar rekstur tveggja dagdvala og þjónustumiðstöðvar fyrir eldri borgara í Reykjanesbæ. Önnur verkefni sem heyra undir eru; umsjón með Fjölpætri heilsuefningu 65+, samstarf við aðrar stofnanir, stefnumótun og áætlanagerð, aðkoma að úthlutun íbúða fyrir aldraða og fleira. Ástandið í samfélaginu setti að sjálfsögðu svip sinn á starfið eins og allt samfélagið, loka þurfti tímabundið ýmsum úrræðum og önnur þurftu nýja og lausnamiðaða nálgun. Segja má með sanni að árið hafi reynt á starfsmenn og okkar þjónustuþega en í heildina gekk vel að finna út nýjar lausnir við áskorunum.

Alls voru 1.899 íbúar 67 ára og eldri í sveitarfélaginu árið 2021 eða 9,4% íbúa.

8.1 Þjónustumiðstöð – Nesvellir

Á Nesvöllum - þjónustumiðstöð er í boði megnið af þjónustu við aldraða íbúa Reykjanesbæjar. Þar er boðið upp á hádegisverð alla virka daga, heimsendingu matar alla daga ársins, hreyfingu (leikfimi og dans), listasmiðju með fjölbreyttu handverki, viðburðum í sal og dagdvöl. Félag eldri borgara á Suðurnesjum er einnig með aðstöðu í húsinu og öfluga starfsemi þar t.a.m. bingó, félagsvist og brids.

Í þjónustumiðstöðinni er einnig sjálfstæð starfssemi t.a.m. sjúkráþjálfun, hárgreiðslustofa, fótaaðgerða/snyrtistofa og læknaþjónusta.

8.2 Dagdvöl aldraðra

Dagdvöl aldraðra er stuðningsúrræði fyrir eldri borgara sem búa í heimahúsi. Dagdvalarrými í Reykjanesbæ eru alls 33, þar af eru 18 rými almenn og 15 rými fyrir minniskerta. Dagdvöl fyrir minniskerta er í Selinu við Vallarbraut en almenn dagdvöl er staðsett á Nesvöllum. Dagdvöl er mikilvægur liður í að gera öldruðum kleift að búa sem lengst heima. Dvalartími fer eftir

þörfum og vilja hvers og eins en hann getur verið frá einum og upp í fimm daga vikunnar.

Á árinu 2021 nutu 72 dvalargestir þjónustu dagdvalanna. Þar af 39 í Selinu og 33 á Nesvöllum, 45 konur og 27 karlar. Alls starfa 12 – 13 manns í dagdvölunum í 10,5 stöðugildum.

8.4 Stuðnings- og heimaþjónusta

Stuðningsþjónusta er veitt til allra aldurshópa. Markmið hennar er að veita íbúum aðstoð svo þeir geti búið sem lengst í sjálfstæðri búsetu. Veitt er aðstoð við heimilishald, persónulega umhirðu og aðdrætti vegna skertrar getu og til stuðnings við að efla einstaklinga til sjálfsbjargar. Félagsleg heimaþjónusta stuðlar að því gera öldruðum, fötluðum og veikum kleift að búa sem lengst í heimahúsum. Þjónustan er einstaklingsmiðuð og þjónustupörfin ræðst af aðstæðum í hverju einstöku tilviki.

Alls voru 416 einstaklingar í þjónustu hjá stuðnings- og heimaþjónustunni árið 2021. Samtals voru heimsóknir frá starfsmönnum heimaþjónustunnar 20.033 klst.

Í stuðnings- og heimaþjónustu starfa 20-24 starfsmenn að jafnaði í um 16,5 stöðugildum.

8.5 Heimsendur matur

Alla daga ársins er í boði heimsendur matur til þeirra sem ekki geta séð sjálfir um matseld og geta ekki nýtt sér mótuneytið á Nesvöllum. Á árinu fengu 153 heimili heimsendan mat, samtals 15.291 skammta. Samningur er við Hrafnistu á Nesvöllum varðandi heimsendan mat sem og Ferðaþjónustu Reykjaness sem sér um útkeyrslu matarins.

8.6 Félagsstarf

Félagsstarf á Nesvöllum einkennist af fjölbreytni með það að markmiði að koma til móts við sem flesta má þar nefna; gler, postulín, keramik og handavinna. Boðið var upp á hreyfingu tvisvar sinnum í viku á mánudögum og fimmtudögum. Þá er einnig fjölbreytt félagsstarf sem Félag eldri borgara á Suðurnesjum býður upp á Nesvöllum t.a.m. bingó, félagsvist, bridge o.fl. Utan Nesvalla er boðið upp á boccia tvisvar í viku í Íþróttahúsinu við Sunnubraut undir leiðsögn þjálfara. Á Nesvöllum eru einnig viðburðir á föstudögum þar sem boðið er uppá ýmiss konar skemmtiatriði.

Stöðugildi félagsstarfs eru alls tvö.

8.7 Fjölpætt heilsuefling – Leið að farsælli öldrun

Verkefni dr. Janusar Guðlaugssonar „Fjölpætt heilsuefling 65+“ hélt sínu striki á árinu 2021 þrátt fyrir takmarkanir á opnun líkamsræktarstöðva. Tveir nýir hópar byrjuðu á árinu, sá fyrri í febrúar og seinni í september. Janus og starfsfólk hans hafa sýnt mikla útsjónarsemi í þróun á fjarþjálfun vegna ástandsins og er þeim þakkað fyrir lausnamiðaða nálgun. Í lok árs voru fjórir hópar í gangi í Reykjanesbæ, eða á bilinu 150 – 170 manns.

8.8 Sérstök viðbótarverkefni

Reykjanesbær sótti um fjárframlag vegna sérstakra viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna

fyrir árið 2021 og fékk úthlutað rúmum 3 milljónum króna. Styrkurinn var vel nýttur og góð þátttaka í þeim verkefnum sem í boði voru. Fengnir voru utanaðkomandi aðilar til þess að sinna einstökum verkefnum og vann starfsfólk félagsstarfs náíð með þeim.

9. Fjölmening




Verkefnastjóri: Hilma H. Sigurðardóttir

Í fjölmenningsstefnu sveitarfélagsins frá 2017 eru sett fram tvö meginmarkmið. Annars vegar að íbúar Reykjanesbæjar af erlendum uppruna verði virkir og sjálfbjarga þátttakendur í samfélaginu og hins vegar að allir íbúar fái notið fjölbreytts mannlífs og menningar þar sem þekking, víðsýni, jafnrétti og gagnkvæm virðing einkenna samskipti fólks af ólíkum uppruna. Verkefnastjóri fjölmenningsmála starfar einn með beinum hætti innan málaflokks fjölmennings hjá velferðarsviði. Hlutverk verkefnastjórans er að vinna í samstarfi með öllum sviðum sveitarfélagsins og stuðla að menningarnæmi í samfélaginu í hvívetna.

Í árslok 2021 voru íbúar Reykjanesbæjar 20.415 og hafði fjórðungur íbúanna erlent ríkisfang. Íbúarnir höfðu 95 ólík ríkisföng. Um 3.000 íbúar höfðu pólskt ríkisfang, sem eru um 60% allra sem höfðu erlent ríkisfang og 15% allra íbúa Reykjanesbæjar. Næst fjölmennastir eru ríkisborgarar frá Litháen, Rúmeníu, Lettlandi og Króatíu en þeir hópar eru mun minni eða með um 130 til 440 íbúa.

9.1 Samfélagsgreiningar

Reykjanesbær hefur unnið greiningu gagna úr íbúasýn sveitarfélagsins frá 2019. Árið 2021 var unnin Power BI skýrsla upp úr þessum gögnum sem mögulegt verður að nýta til þess að auðvelda stefnumótun og áherslu í þjónustu. Samvinnuverkefnið með Hagstofu Íslands um greiningu gagna á lýðfræðiþróun Suðurnesja hélt áfram og unnin var skýrsla sem aðgengileg varð hinum sveitarfélögum á Suðurnesjum með víðtækum gagnaupplýsingum. Í þriðja stað var unnin viðhorfskönnun og greining á fyrirliggjandi gögnum tengdum lífsgæðum, líðan og virkni íbúa á Suðurnesjum.



Tafla 4. Fjöldi íbúa eftir aldurshópum og ríkisfangi árið 2021

9.2 Velferðarnet Suðurnesja – sterk framlína

Reykjanesbæ var falið að leiða framkvæmd tveggja aðgerða (þ.e. 2 og 3) í [aðgerðaáætlun](#) ríkisins um eflingu þjónustu á Suðurnesjum sem kom út í maí 2020. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) ber ábyrgð á aðgerð *Sterkrar framlína í krafti fjölbreytileikans* og félagsmálaráðuneytið á *Þverfaglegu landshlutateymi (Velferðarstofu)*. Snemma urðu samlegðaráhrif aðgerðanna tveggja skýr enda mikill samhljómur í markmiðum og tilgangi þeirra, báðar snúa þær að því að styrkja, efla og bæta þjónustu við íbúa svæðisins með aukinni upplýsingagjöf og fræðslu og framlínuþjónustu í samþættri velferðarþjónustu með aukinni einföldun og skilvirkni. Í apríl 2021 var ráðinn verkefnastjóri til Reykjanesbæjar til þess að stýra verkefninu sem fengið hefur heitið *Velferðarnet - sterk framlína*. Jafnframt var ráðinn sérfræðingur í framlínuþjónustu sem hefur starfað í þjónustuveri Reykjanesbæjar með það að markmiði að efla sterka framlínu enn frekar og brúa bilið milli þjónustuvæðis og velferðarsviðs með markvissum hætti.

Meginmarkmið Velferðarnets - sterkrar framlínu er að styrkja og auka nýsköpun á grundvelli sjálfbærni í þjónustu við íbúa á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála hjá opinberum stofnunum á Suðurnesjum. Í desember 2021 voru lögð fram fyrstu drög að nýsköpunaráætlun þar sem settar eru fram sjö fjármagnaðar aðgerðir sem vinna á að árið 2022. Starfshópin skipuðu fulltrúar sveitarfélaganna fjögurra og fulltrúi SSS.

9.3 Allir með!

[Reykjanesbær fékk styrk frá félagsmálaráðuneytinu í janúar 2020 til þess að styðja og styrkja börn í viðkvæmri stöðu, efla jákvæð samskipti í fjölmenningsarsamfélagi og styrkja félagsfærni barna sem búa við viðkvæmar aðstæður.](#)
[Verkefnið fór af stað í september 2020 og var lagt upp með að halda námskeið og fræðslufundi á skömmum tíma með miklum krafti.](#)
[Samkomutakmarkanir og sóttvarnarreglur gerðu verkefninu erfitt fyrir og var mikið af þeim verkefnum sem vinna átti árið 2020 færð til ársins 2021.](#)
[Árið 2021 voru haldnar fjórar vinnustofur fyrir leiðtoga í íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi, þrjú verkfærakistunámskeið fyrir umsjónarkennara á miðstigi grunnskóla, forstöðumenn Frístundaheimila og verkefnastjóra ÍSAT kennslu. Búið er að leggja grunn að mælingum og gera ýmsar tilraunir til mælinga. Það er einnig búið að vinna töluvert af markaðsefni, m.a. um 30 myndbönd af íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi barna í Reykjanesbæ.](#)
[Reykjanesbær hefur fundið fyrir mikilli ánægju með verkefnið og meðbyr.](#)



Reykjanesbær fékk styrk frá félagsmálaráðuneytinu 2020 til þess að styðja og styrkja börn í viðkvæmri stöðu, efla jákvæð samskipti í fjölmenningsarsamfélagi og styrkja félagsfærni barna sem búa við viðkvæmar aðstæður.

Árið 2021 voru haldnar fjórar vinnustofur fyrir leiðtoga í íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi, þrjú verkfærakistunámskeið fyrir umsjónarkennara á miðstigi grunnskóla, forstöðumenn Frístundaheimila og verkefnastjóra ÍSAT kennslu. Búið er að leggja grunn að mælingum og gera ýmsar tilraunir til mælinga. Það er einnig búið að vinna töluvert af markaðsefni, m.a. um 30 myndbönd af íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi barna í Reykjanesbæ.

9.4 Assets Erasmus+ verkefni

ASSETS (bASic Stem compETences for migrantS) er Erasmus+ Evrópuverkefni, fór af stað á haustmánuðum 2021, leitt af Reykjanesbæ og unnið í samstarfi við samstarfsaðila í fimm öðrum Evrópuríkjum; Grikklandi, Tyrklandi, Austurríki, Ítalíu og Portúgal. Meginmarkmið ASSETS-verkefnisins er auka tækifæri innflytjenda á vinnumarkaði með þróun á rafrænu kennslufni tengt vísinda- og tæknigreinum (*STEM – Science, Technology, Engineering, Mathematics*) fyrir innflytjendur. Verkefnið stuðlar jafnframt að jöfnum tækifærum til félagslegrar þátttöku með valdeflingu og hvatningu til þátttöku á vinnumarkaði þar sem tækifærin hafa hingað til verið fá.

10. Lýðheilsa



Verkefnastjóri: Ásdís Ragna Einarsdóttir ráðin inn tímabundið til eins árs haustið 2021 vegna afleysingar.

Hlutverk lýðheilsufræðings er að fylgja eftir stefnumótun sveitarfélagsins í lýðheilsumálum og innleiðingu markmiða hennar. Sinna forvörnum í sinni breiðustu mynd í samstarfi við aðra starfsmenn og samstarfsaðila sem vinna að og lýðheilsumálum hjá og í sveitarfélaginu og vinna að uppbyggingu heilsueflandi samfélags í samræmi við lýðheilsustefnu.

10.1 Heilsueflandi samfélag

Meginmarkmið Heilsueflandi samfélags er að styðja samfélög í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa. Lögð var áhersla á að vekja athygli íbúa á að Reykjanesbær sé Heilsueflandi samfélag m.a. með því að virkja síðuna „Heilsueflandi samfélag í Reykjanesbæ“ á samfélagsmiðlum og deila uppbyggilegu og gagnlegu efni á síðunni til þess að hvetja íbúa til heilsueflingar. Undir lok árs hófst einnig vinna í að fylla inn gátlista og draga grunnlínu fyrir Heilsueflandi samfélag í Reykjanesbæ inn á www.heilsueflandi.is.

10.2 Heilsueflandi samfélag á Suðurnesjum

Tilgangur samstarfsins er að stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan íbúa á Suðurnesjum með markvissum hætti. Tekin var ákvörðun undir lok árs að fara af stað með tvíþætta auglýsingaherferð sem snýr að því að vekja athygli á geðheilbrigði annars vegar, og hins vegar að vekja athygli á nýjum frístundavef sveitarfélaganna www.fristundir.is. Þetta verkefni er samstarfsverkefni sveitarfélaganna sem byggir á fyrrum styrk sem hlaust í

gegnum Samband Sveitarfélaga á Suðurnesjum. Undirbúningur fyrir verkefnið var komið vel á veg í lok árs 2021 og framkvæmd þess stendur nú yfir.

10.3 Heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskólar

Á árinu voru öll skólastigin í Reykjanesbæ orðnir þátttakendur í Heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskólar, sem er verkefni á vegum Embætti landlæknis og er afurð þróunarstarfs sem unnið var í samstarfi við fjölmarga hagsmunaaðila. Stýrihóparnir héldu mánaðarlega samráðsfundi og voru allir skólarnir virkir þátttakendur í Geðræktarþemanu sem ákveðið var að taka fyrir þetta árið.

10.4 Lýðheilsusjóður

Árlega er opið fyrir umsóknir í Lýðheilsusjóð Embætti landlæknis og er markmið sjóðsins að styrkja lýðheilsustarf bæði innan og utan embættisins. Lýðheilsufulltrúi sótti um styrk fyrir verkefninu „*Hollt & gott!*“. Markmið verkefnisins er að bæta heilsu og vellíðan grunnskólabarna með því að efla þekkingu þeirra á næringaríkri fæðu, stuðla að hollum matarvenjum og kenna þeim að útbúa heilsusamlegar máltíðir á einfaldan hátt.

10.5 Keilisverkefnið

Afrakstur samstarfsverkefnis heilsuakademíu Keilis og Reykjanesbæjar leit dagsins ljós í lok árs en þetta eru myndbönd af hreystiæfingum sem eru ætluð til notkunar á hreyfistöðvum bæjarins í þeim tilgangi að virkja íbúa til aukinnar hreyfingar. Myndböndin verða aðgengileg íbúum á nýrri vefsíðu Reykjanesbæjar www.visitreykjanesbaer.is

11. Árangur

Heimsfaraldurinn hafði áhrif á framgang verkefna í starfsáætlun síðasta árs enda þörf á að bregðast við sveiflum í covid 19 með ýmsum hætti yfir árið. Einnig komu inn styrkir á árinu til að bregðast við áhrifum covid, sérstaklega félagslegri einangrun og einmanaleika og var farið í þau verkefni eins og kostur var með því fjarmagni sem fékkst. Fleiri þætti höfðu áhrif á framvindu starfsáætlunar 2021 eins og breytingarvinna á velferðarsviði í kjölfar úttekta og greininga á sviðinu og til að mæta áherslum nýrra laga, m.a. laga um samþættingu þjónustu til farsældar fyrir börn, breytingar á barnaverndarlögum og fleiri eldri lagabreytingum sem áhersla er lögð á að verði innleidd í þjónustu sviðsins. Breytingarvinna hófst í febrúar 2021 og stóð allt árið. Innleiðing breytinganna hófst haustið 2021 og mun halda áfram vel inn á árið 2022. Í ljósi þessa hafa önnur verkefni í starfsáætlun 2021 verið færð yfir á árið 2022 enda talið mikilvægt að þau verkefni fái framgang þrátt fyrir þær tafir sem orðið hafa. Af þeim verkefnum sem kláruðust á árinu má nefna Allirmeð!, innleiðing Heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskóla, Kjarnahópur til vellíðunar og virkni, atvinnuátaksverkefnið „Hefjum störf“, þróunarverkefnið Skjólíð- frístundaþjónusta fyrir börn og ungmenni með fjölþættar stuðningsþarfir sem hefur gefið góða raun og er orðið hluti af þjónustuúrræðum sveitarfélagsins.

12. Sundurliðun útgjalda

Þann 31.12.2021 voru íbúar Reykjanesbæjar 20.415. Útgjöld til velferðarsviðs námi á árinu kr: 2.433.173.740 sem svarar til kr: 119.185 á hvern íbúa sveitarfélagsins.

FJÖLSKYLDU- OG FÉLAGSPJÓNUSTAN	2.433.173.740	
SKRIFSTOFA FFR	99.485.341	
NEFNDIR	12.066.541	
FÉLAGSMÁLARÁÐ		7.444.185
LÝÐHEILSURÁÐ		3.031.049
NOTENDARÁÐ FATLAÐRA		650.000
ÖLDUNGARÁÐ REYKJANESBÆJAR		941.307
FJÁRHAGSAÐSTÖÐ	244.740.116	
HÚSALEIGUBÆTUR	47.495.269	
HÚSNÆÐISSTUÐNINGUR	2.750.128	
KJARNAHÓPUR	-4.876.045	
BARNAVERND	140.155.791	
BARNAVERNDARNEFND	4.406.976	
VISTUN-FÓSTUR	93.803.266	
BAKLAND	-16.708.169	
TILSJÓN	12.800.455	
PJÓNUSTA VIÐ ALDRAÐA	263.166.314	
NESVELLIR - PJÓNUSTUMIÐSTÖÐ		84.456.477
DAGDVÖL ALDRAÐRA		-14.438.046
MÖTUNEYTI ALDRAÐRA		6.926.344
FÉLAGSSTARF ALDRAÐRA		16.445.638
JANUSARVERKEFNIÐ		23.285.046
HEIMAPJÓNUSTA		146.490.855
PJÓNUSTA VIÐ FATLAÐA	1.501.228.428	
FERLIMÁL FATLAÐRA - FERÐAPJÓNUSTA		76.604.017
SAMEIGINLEGIR LIÐIR - MÁLEFNI FATLAÐRA		31.955.354
ATHVARF GEÐFATLAÐRA - BJÖRGIN		36.325.195
ASPARDALUR		125.866.955
EINIDALUR		150.734.844
PJÓN- OG LIÐVEISLUSAMNINGAR		459.366.718
LIÐVEISLA		55.262.964
FREKARI LIÐVEISLA		0
NPA SAMNINGAR		37.080.607
PJÓNUSTUKJARNI SUÐURGATA		166.928.129
LYNGMÓI 17		2.183.889
SELJUDALUR - PJÓNUSTUÍBÚÐIR		213.176.983
SUMARDAGVIST - ÖSPIN		7.796.497
HÆFINGASTÖÐ - KEILISBRAUT 775		66.622.584
SKAMMTÍMAVISTUN		71.323.692
VERKTÖKUPJÓNUSTA	1.419.648	
FLÓTTAFÓLK OG INNFLYTJENDUR	1.522.507	
FJÖLMENNING	18.844.260	
STERKARI FRAMLÍNA	-8.920.519	
LÝÐHEILSA	10.806.993	
BARNVÆNT SVEITARFÉLAG	6.615.285	
ORLOFSSJÓÐUR HÚSMÆÐRA	2.371.155	

Velferðarsvið var rekið með 5,6% halla árið 2021. Þar vegur þyngst rekstrakostnaður í málefnum fatlaðra sem fer 11,8% framúr áætlun.

Lokaorð

Árið 2021 hefur að mörgu leiti verið erfitt ár hjá velferðarsviði. Miklar skipulagsbreytingar átt sér stað, starfsmenn með langan starfsaldur hætt störfum og ytri aðstæðu haft áhrif eins og heimsfaraldur, innleiðing styttingu vinnuvikunnar og ýmsar lagabreytingar. Við tekur nýtt ár og nýjir tímar með öflugum fólki, nýjum áherslum til framþróunar í þjónustu við bæjarbúa þar sem áhersla er lögð á aukið þverfaglegt samstarf í þjónustu, bæði milli sviða og starfseininga innan sveitarfélagsins en ekki síður við lykilstofnanir í nærsamfélaginu, allt skref í þá átt að veita gæðaþjónustu þar sem hennar er þörf og þegar hennar er þörf. Ég vil ég þakka samstarfsmönnum mínum á velferðarsviði, í framkvæmdastjórn sveitarfélagsins, bæjarstjóra og kjörnum fulltrúum fyrir samstarfið á árinu. Í áskorunum felast oftast tækifæri til umbóta. Gildi sveitarfélagsins, virðing, eldmóður og framsækni er samofin þeim tækifærum. Á hverju ári leggjum við af stað í nýja vegferð saman og það gerum við einnig núna með uppgjöri ársins 2021 og framtíðarsýn, stefnuáherslum og gildum sveitarfélagsins til ársins 2030 – í krafti fjölbreytileikans



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTTLEIKANS